

Menningarkynning í Japan:

Fjöldi íslenskra listamanna til Japans

Haustið 1987 verður haldin í Japan norræn menningarvika. Árið 1982 stóðu Norðurlöndin fimm að mikilli menningarkynningu í Bandaríkjunum. Þótti sú kynning takast vel og ákváðu ríkisstjórnir Norðurlanda að efna til svipaðrar kynningar í Japan.

Forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, mun um miðjan september opna fyrstu sýninguna, sem verður sýning á nytjalist, „Scandinavian Design“. Íslenskir listamenn taka þátt í sýningum á nytjalist, listhönnunarsýningum, myndlistasýningum, tónleikum, bókmenntakynningum, kvikmyndahátíð og

einnig kynningu á barna- og unglingabókmenntum.

Af Íslands hálfu verða verk eftir eftirtalda listamenn og hönnuði: Á nytjalistasýningum: Sigrún Einarsdóttir, Sören S. Larsen, Kolbrún Björgólfsdóttir, Sigurlaug Jóhannesdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir, Aldís Jóhannesdóttir, Hulda Jóspsdóttir, Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Þórdís Zöega, Pétur B. Lúthersson, Valdimar Harðarson, Gunnar Magnússon, Sveinn Kjarval, Markús B. Þorgeirsson, Pétur Th. Pétursson og Pétur Trygvi Hjálmarsson. Auk þess verða verk frá fyrirtækjunum Álafoss og Glit.

Á listhönnunarsýningum: Ásgerður Búadóttir, Guðný Magnúsdóttir, Jens Guðjónsson, Jónína Guðnadóttir, Leifur Breiðfjörð, Ragna Róbertsdóttir og Steinunn Þórarinsdóttir.

Á myndlistasýningum: Jóhannes S. Kjarval, Helgi Þorgils Friðjónsson og Gunnar Örn Snorsson.

Á hátíðartónleikum verður flutt verkið „Choralis“ eftir Jón Nordal.

Á bókmenntakynningum: Svava Jakobsdóttir. Jafnframt verður gefið út norrænt smásagnasafn þar sem verða sögur eftir Halldór Laxness, Guðberg Bergsson og Svövu Jak-

obsdóttur.

Á kvikmyndahátíð: Kvikmyndin „Útlaginn“ eftir Ágúst Guðmundsson.

Á kynningum á norrænni nútímatónlist verða flutt verk eftir: Þorkel Sigurbjörnsson, Atla Heimi Sveinsson, Karólínu Eiríksdóttur og Áskel Mátsson.

Einar Jóhannesson, klarinettuleikari, verður þátttakandi af Íslands hálfu.

Auk samnorrænu verkefnanna munu einstök lönd verða með eigin kynningar og sýningar og á þessu ári mun Kristín Ísleifsdóttir verða með leirmunasýningu í Tokyo.



Skip Sambandsins munu ferma til Íslands á næstunni sem hér segir:

Aarhus:
Alla þriðjudaga

Svendborg:
Alla miðvikudaga

Kaupmannahöfn:
Alla fimmtudaga

Gautaborg:
Alla föstudaga

Moss:
Alla laugardaga

Larvik:
Alla laugardaga

Hull:
Alla mánudaga

Antwerpen:
Alla þriðjudaga

Rotterdam:
Alla þriðjudaga

Hamborg:
Alla miðvikudaga

Gloucester:
Jökulfell 10/7
Jökulfell 30/7
Jökulfell 20/8


New York:
Jökulfell 11/7
Jökulfell 1/8
Jökulfell 21/8

Portsmouth:
Jökulfell 29/7
Jökulfell 19/8

SKIPADEILD SAMBANDSINS

LINDARGATA 9A
PÓSTH. 1480 · 121 REYKJAVÍK
SÍMI 28200 · TELEX 2101

TÁKN TRAUSTRÁ FLUTNINGA



Unnið við frágang lóðar Þjóðarbókhöðunnar.

Tímamynd Pjetur.


Þjóðar-
bókhlaða:

Að taka á sig endanlega mynd


Bygging Þjóðarbókhöðu hófst árið 1978 og hefur því staðið yfir í nfu ár. Á þessum nfu árum hefur vinna legið niðri við húsið í þrjú ár samfleytt sökum fjárskorts.

Með tilkomu eignaskattsauka verður loks hægt að ljúka gerð hússins. Þegar er hafin vinna við frágang lóðar og byrjað að vinna við gerð sýkis umhverfis húsið. Reiknað er með að byggingu bókhöðunnar verði að fullu lokið árið 1990. Heildarkostnaður við gerð hennar er áætlaður á þriðja hundrað milljónir frá upphafi. Árið 1986 var unnið fyrir 20,7 milljónir en stofnkostnaður fyrri ára var í árslok 1985 tæpar 54 milljónir.

FRANSGAARD fjölfætlur og stjörnumúgavélar



FT-510 4ra stjörnu 6 arma lyftutengd 98.000,-



SR-320 8 arma múgavél 69.500,-

Til afgreiðslu
strax

BODI hf.

Kaplahrauni 18
220 Hafnarfirði. S. 91-651800